

Ed.

364, Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Atkvæðagreiðsla um mál þetta fór svo í fjárhagsnefnd, að 2 nefndarmenn (I. P. og J. Bald.) greiddu atkvæði með því, 2 nefndarmenn (B. K. og J. Þ.) greiddu atkvæði gegn því, en einn nefndarmanna (P. H.) greiddi ekki atkvæði um málið.

Minni hlutinn telur ekki ástæðu til þess að bera fram í nefndaráliti frekari ástæður fyrir frv. en gert er í greinargerð þess.

Í 2. málsg. 1. greinar er rit- eða prentvilla; er þar vitnað í 13. gr. frv., en á að vera 14. gr., svo sem sjá má af efni greinarinnar. Er þess vænst, að þetta verði leiðrjett milli umræðna, og er því ekki flutt um það breytingartillaga.

Að öðru leyti leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1929.

Ingvar Pálmason,
form.

Jón Baldvinsson,
fundaskr. og frsm. minni hl.